

Snið A
1 : 100



Yfirlitsmynd
1 : 500

Byggingarlýsing:

Almennt:
Byggingin er ætluð fyrir atvinnustarfssemi, léttur iðnaður og bátasmíði. Skiptist byggingin í tvo hluta, stálgrindarhús, sem er skipt eftir miðju í 2 einingar og getur staðið sem sjálfstæð aðskilin brunahólf/einingar og lágbyggingu á 2 hæðum í suðurenda að sjónum. Er sá hluti ætlaður sem starfsmannarými; snyrtingar, búningsherbergi og kaffiaðstaða á fyrstu hæð og skrifstofustarfssemi á 2. hæð. Útveggir lágbyggingar eru staðsteyptir en plötur forsteyptar (holplötur), sjá sérteikningar arkitekta og verkfræðinga.

Sökklar:
Sökklar eru staðsteyptir á fyllingu, sjá teikn. verkfræðinga. Einangra skal 50cm niður sökkulveggi að innanverðu með 75mm frauðplasti (pólýstýren).

Botnplatar:
Botnplata er staðsteypt ofan á þjappaða fyllingu, sjá nánar teikn. verkfræðings. Undir plötu skal einangra með 100mm einangrunarplasti á sandlagi í skrifstofuhluta. Sérstök einangrun (100mm) undir steypta plötu stálgrindarhúss, sjá teikningar og kröfur verkfræðinga.

Einangrun:
Einangrun upphitaðra rýma er miðuð við ákvæði byggingarreglugerðar um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og að vegið meðaltal U-gildis útveggja verði uppfyllt hvað varðar slíkt húsnæði. Kólnunartölur einstakra byggingarhluta skal ekki fara yfir hæstu leyfilegu U-gildi uppgefin í byggingarreglugerð. Útveggir skrifstofuhluta eru einangraðir með 100mm steinull; (veggja-ull 80 kg/m3) og klæddir með loftræstri álklæðningu sem er fest á þar til gert upphengikerfi úr áli.

Veggir milli brunahólfa:
Milliveggir verða úr 150mm þykkum samlokueiningum með pressuðum steinullarkjarna og lituðu stáli beggja megin sem uppfylla brunavörn EI90. Einingar eru styrktar með stálbitum.

Aðrir innveggir:
Léttir innveggir eru annars uppbyggðir úr blikkstoðum, 48x70-98 mm grind cc 60cm og fylltir steinull og klæddir tvöfaldri gifsklæðningu báðum megin.

Útveggir og þak:
Þak og útveggir iðnaðarhússins verða stálsamlokueiningar með steinull. Þak ofan á skrifstofuhluta eru forsteyptar holplötur með ásteypulagi. Vatnshalli min 1:40 er tekinn í einangrun að niðurföllum. Rakavarnarlag, þappi með álfólíu og 200mm steinull (í tvennu lagi). Pappalag ofan á einangrun (fl. T) og farg úr sjávarmöl. Heitt þak (lokað kerfi): hámarks U-gildi þaks er 0.2Wm2

Lagnir og loftræsing:
Lagnir eru að mestu felldar inn í veggi eða í þartil gerða lagnastokka. Gólfhitakerfi mun verða í iðnaðarbili og 1 hæð skrifstofuhluta en upphitun vinnusvæða einnig með loftblásurum, sjá teikningar verkfræðinga. Gólfniðurföll skulu vera í öllum votrýmum, þe baðherbergjum og ræstiherbergjum, auk þess skulu vera niðurföll í eftirtöldum rýmum: iðnaðarbilum og inntaksklefum veitna. Frárennsli hitaveitu skal fara í snjóbræðslu bílastæða (allavega fyrir fatlaða, aðalgöngusvæði utandyra og fyrir framan aðalinnkeyrsluhurðir.
Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð t.d með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptum sem tryggja að vatn fari ekki á töppunarstað með hærra hitastig en 60°C.
Vélrænt loftræsing verður í húsinu ásamt því að skrifstofurými eru einnig náttúrulega loftræst með opnanlegum gluggum. Á iðnaðarbilum eru ætíð opnanleg fög fyrir ofan gönguhurðir. Vélræn lofttræsing (útsog) skal vera á gluggalausum rýmumog ræstigeymslum. Brunalokur skulu vera þar sem lagnir fara í gegnum brunahólfanir.

Gluggar:
Gluggar og hurðir á skrifstofuhluta eru annað hvort álgluggar eða álklæddir timburgluggar, litur eftir forsögn arkitekts, gönguhurðir á iðnaðarbilum úr áli. Fellihurðir eru sérstyrktar stálhurðar fyrir slíka starfssemi, hæð og breidd. Gler í gluggum skrifstofubyggingar skal vera tvöfalt K-gler. Ef fallhætta er til staðar skal vera óryggisgler.

Svalir:
Svalir koma sem flóttaleið úr báðum helmingum efri hæðar, eru staðsteyptar og með handrið úr áli og eða hertu gleri, sjá sérteikningar arkitekta og verkfræðinga. Frágangur handriðs skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar BR 112/20 12 gr.6.5.3.
Op í handriði mega ekki vera meiri en 89mm að breidd upp að 0.8m hæð frá gólfi eða frambrún þrep/ palls. Á glerhandriðum skal vera samfelldur handlisti með fullnægjandi festingum eða annar frágangur sem tryggir fullnægjandi fallvörn ef glerið brotnar. Hæð handriða skal vera í samræmi við byggingarreglugerð.

Sorp:
Stakstæðar BM-Vallá sorpeiningar eru við hvort hluta skrifstofubygging. Sorp frá iðnaðarframleiðslu fer í sérstakan gám á gámasvæði til vistvænnar úrvinnslu.

Algild hönnun:
Bilastæði fyrir hreyfihamlaða verða upphituð og leið að ingangi sbr. 6.4.2gr b-liður Byggingarreglugerðar. Bilastæði eru alls sýnd 42stk, þar af 2 fyrir hreyfihamlaða. Hindrunarlaus umferðarbreidd hurða og hæðir þeirra verða að lágmarki: aðalinngangsdyr 207x83cm. innihurðir 200x80cm. Sjálfvirkur opnunarbúnaður verður á aðalinngangsdyrum/útidyrum: 6.4.2b liður bygg.reglugerðar. Húsið skal að öllu leyti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir, loftræsa skal öll gluggalaus rými.

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf (mál nr. 21-261) í október 2021 fyrir Óseyrarbraut 25, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður b og c2. Varðandi nánari lýsingar á brunavörnum vísast í brunahönnunarskýrslu Brunahönnunar slf. nr. 21-261 Óseyrarbraut 25-bh02.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.
Um er að iðnaðarhús sem skipt er í tvo hluta ásamt tengdum skrifstofum.
Notkunarskilmálar
Í bátaframleiðslu hússins er gert ráð fyrir framleiðslu á allt að 17 tonna og 15 metra löngum plastbátum ásamt annarri framleiðslu tengdri þeirri starfsemi. Hámarksbrunaálag er 1600 MJ/m^2.
Í hinu bilinu er gert ráð fyrir almennri iðnaðarstarsemi svo sem smíðaverkstæði sambærilegan iðnað með brunaálagi allt að 800 MJ/m^2.

Brunahólfun
Meginbrunahólf:
Bátaframleiðslusalur er eitt meginbrunahólf, um 1220 m^2.
Vinnusalur er eitt meginbrunahólf, um 1220 m^2.
Skrifstofuhlutar hússins eru eitt meginbrunahólf, um 415 m^2 en skipt í tvö brunahólf.
Almenn brunahólfun:
Skrifstofuhluti vestur er sér brunahólf, um 175 m^2.
Skrifstofuhluti austur er sér brunahólf, um 240 m^2.
Inntaksrými rafmagns er sér brunahólf.

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja stálgrindarhúss er a.m.k. R60 en R90 í meginhólfunarskilum.
Brunamótstaða steinsteyptra aðalburðarvirkja í skrifstofuhúsi er er a.m.k. R60 en R90 í meginhólfunarskilum.

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K_2 B,s1-dO).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K_2 B,s1-dO).
Stálgrindarhús verður klætt með stálsamlokueiningum með steinull.
Upphengd loft uppfylla a.m.k. B,s1-dO.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).
Gólfefni skulu vera a.m.k. í flokki Dfl-s1 í skrifstofuhlutum og Cfl-s1 í bátaframleiðslusal og vinnusal.
Frágangur þakplötu skrifstofuhúss er með viðsnúnu þaki með rakavarinni pappalögn og einangruð með plasteinangrun sem er varin með dúk og þakmöl. Frágangur uppfyllir grein 9.6.10 í byggingarreglugerð.

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Frá bátaframleiðslusal eru 6 flóttaleiðir beint út.
Frá vinnusal eru 6 flóttaleiðir beint út.
Frá jarðhæð skrifstofa eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá annarri hæð skrifstofa eru tvær flóttaleiðir, önnur er niður á jarðhæð skrifstofunnar en hin út á svalir.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórnstöð/útstöð og yfirlitsmynd er í anddyri í vesturhluta og austurhluta hússins. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi
Loftræsikerfi skulu vera skv. DS428.
Settar verða brunalokur (a.m.k. E60-S) í meginhólfunarskil. Þær skulu lokast við staðfest boð frá brunaviðvörunarkerfi. Þær skulu tengdar við prófunarstöð skv. DS428.

Reyklosun
Reyklosun frá bátaframleiðslusal og vinnusal er um auðbrennanlegt plast í þaki, t.d. polycarbonat, sem er um 138 m^2 í hvorum hluta eða um 11 % af gólfflatarmáli en þar að auki er reiknað með því að slökkviið opni iðnaðarhurðir inn í salina við slökkvistarf til að tryggja aðloft.
Reykræsing er að öðru leiti almennt um glugga og hurðar.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 eru í byggingunni skv. teikningum. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera á báðum hæðum skrifstofa, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í rafmagnstöflurými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing verður 5 lux yfir slökkvitækjum, handboðum, yfir stigum og í inntaksrými.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í flóttaleiðum.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er í vinnusölum, opnum skrifstofum og salernum fatlaðra.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er frá Óseyrarbraut. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 2700 l/mín.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Óseyrarbraut 25.

Út- og neyðarlýsing:
Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing verður 5 lux yfir slökkvitækjum, handboðum, yfir stigum og í inntaksrými.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í flóttaleiðum.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er í vinnusölum, opnum skrifstofum og salernum fatlaðra.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn:
Aðkoma slökkviliðs er frá Óseyrarbraut. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 2700 l/mín.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa:
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Óseyrarbraut 25.

landnr: L207169
staðgr: 1400-1-67600250

		leyfilegt miðað við deiliskipulag
HELSTU STÆRÐIR:		
Brúttó flatarmál 1. hæð	2.780,5m2	
Brúttó flatarmál 2. hæð	223,8m2	
Brúttó flatarmál samtals	3.004,3m2	3.143,6m2
Brúttó rúmmál	39.099,8m3	
Lóðarstærð	6.985,8m2	6.985,8m2
Nýtingarhlutfall	0,43	0,45
HEILDARLEIÐNITAP - Skrifstofuhluti (21°C):		
Útveggir	0,26W/M2K	
Útveggir að fyllingu	0,35W/M2k	
Gluggar og hurðir	1,20W/M2K	
þak	0,20W/M2K	
Gólf (botnplata)	0,24W/M2K	
Gólf (útkragandi plata)	0,18W/M2K	
Vegið meðaltal veggja, glugga og hurða	1,02W/M2K	
HEILDARLEIÐNITAP - Stálgrindarhús (18°C):		
Útveggir	0,28W/M2K	
Útveggir að fyllingu	0,35W/M2K	
Gluggar og hurðir	1,20W/M2K	
þak	0,17W/M2K	
Gólf (botnplata)	0,64W/M2K	
Gólf (útkragandi plata)	0,24W/M2K	
Vegið meðaltal veggja, glugga og hurða	0,8W/M2K	

Samþykkt þann
1. FEB. 2023
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

skýringar.:

26.10.2022:
- Stálsúlur og bitar eru núna sýnd í iðnaðarhús.
- Útveggir eru 14,06m háar (voru áður 13,0m).
- Mænishæð verður áfram 16,56m eins og var.

yfirlitsmynd.:

SHS
2 6. jan. 2023

BRUNAHÖNNUN

Dig tally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson, o=Gunnar H Kristjansson ehf, ou=Löggiltur hönnuður, c=IS, email=gunnar@brunahonnun.is
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2022-01-02 11:41:52

verkheiti.:
Óseyrarbraut 25
verkhluti.:
Bygg.lýsing, afstöðum. og snið

mkv.:	1:100, 1:500
dags.:	19.8.21
hannað.:	GG
teiknað.:	GG/AMV
blaðstærð.:	A1

dags. breytinga.:
br. (a).: 12.11.21 - búningsherb. br að ósk VER
br. (b).: 26.10.22: breyting á þakformi og innveggjum
br. (c).:
br. (d).:
br. (e).:
br. (f).:
br. (g).:

fylgiskjöl.:
Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ
kt: 190554-3419
Archus slf, teiknistofa, Stórhöfða 17.
110 Reykjavík. s: 567 7735 gsm: 898 7894
gg@archus.is - www.archus.is
samþ.:

teikn.nr.:
A-01

Blaðstærð: A1